

TILSKIPUN RÁÐSINS**frá 14. maí 1991****um lögvernd fyrir tölvuforrit****(91/250/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,í samvinnu við Evrópuþingið ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Sem stendur njóta tölvuforrit ekki fullrar verndar samkvæmt gildandi lögum í öllum aðildarríkjunum og vernd sú sem er fyrir hendi er háttáð á mismunandi vegu.

Þróun tölvuforríta krefst mikillar fjárfestingar í þekkingu, tækni og búnaði en unnt er afrita forrit fyrir brot af þeim kostnaði sem fer í að þróa þau á sjálfstæðan hátt.

Tölvuforrit gegna stöðugt mikilvægara hlutverki í margvíslegri iðnaðarframleiðslu og því má telja tölvuforritunartækni grundvallarforsendu fyrir þróun iðnaðar innan bandalagsins.

Ýmiss konar ósamræmi sem nú ríkir milli laga aðildarríkja um vernd tölvuforríta hefur bein og neikvæð áhrif á starfsemi hins sameiginlega markaðar með tilliti til viðskipta með tölvuforrit og slíkt ósamræmi á hugsanlega eftir að aukast ef aðildarríki samþykkja hvert fyrir sig ný lög þar að lútandi.

Leiðréttu þarf ósamræmi sem nú ríkir og koma í veg fyrir frekari ósamræmi sem hefði neikvæð áhrif en óþarft er að leiðréttu eða koma í veg fyrir ósamræmi sem hefur ekki neikvæð áhrif á starfsemi hins sameiginlega markaðar svo um munar.

Því telst það fullnægjandi fyrst um sinn að lög bandalagsins takmarkist við að kveða á um að aðildarríkin veiti tölvuforritum lögvernd á grundvelli höfundarréttar eins og um bókmenntaverk væri að ræða og kveða þar að auki á um hverjir og hvað skuli njóta verndar, hvaða einkaréttindi til að leyfa eða banna tiltekna aðgerðir sú vernd eigi að fela í sér og hve lengi hún eigi að gilda.

Í þessari tilskipun nær orðið tölvuforrit til allra gerða forrita, þar með talið þeirra sem hafa verið sameinuð vélbúnaði. Orðið tekur líka til undirbúnings- og hönnunarvinnu við gerð tölvuforríta að því tilskildu að hún geti leitt til tölvuforríts síðar.

Þær viðmiðanir sem liggja til grundvallar því hvort tölvuforrit er frumverk eða ekki mega ekki byggjast á mati á gæðum þess eða listrænu gildi.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 91, 12. 4. 1989, bls. 4 og Stjtið. EB nr. C 320, 20. 12. 1990, bls. 22.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 231, 17. 9. 1990, bls. 78 og ákvörðun frá 17. apríl 1991 (sem ekki hefur enn birst í *Stjórnartíðindum EB*).

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 329, 30. 12. 1989, bls. 4.

Bandalagið vill eindregið stuðla að framgangi stöðlunarmála á alþjóðavettvangi.

Tölvuforrit eru notuð ásamt öðrum íhlutum í tölvukerfi og í samstarfi við notendur; til að slík starfsemi sé möguleg er nauðsynlegt að hanna og tengja hug- og vélbúnað þannig að hann hæfi þessum rekstri og samstarfi eins og til er ætlast.

Þeir þættir í tölvuforriti sem gera ráð fyrir slíkri samtengingu og samverkun milli hug- og vélbúnaðar ganga yfirleitt undir nafninu „viðmót“.

Með orðinu „rekstrarsamhæfni“ er átt við raunverulega samtengingu og samverkun kerfa. Skilgreina má rekstrarsamhæfni sem getu kerfanna til að skiptast á upplýsingum og vinna sameiginlega úr þeim.

Til að taka af allan vafa skal það koma skýrt fram að einungis framsetning tölvuforríts er vernduð en hugmyndir eða grundvallarforsendur sem liggja þar að baki, þar með talið þær sem viðmót þess byggjast á, njóta ekki verndar sem hugverk samkvæmt tilskipun þessari.

Í samræmi við þessa meginreglu hugverkaréttar njóta rök-rænar aðferðir, reiknireglur og forritunarmál, að svo miklu leyti sem þau flokkast undir hugmyndir og grundvallarforsendur, ekki verndar samkvæmt tilskipun þessari.

Samkvæmt lögum og réttarvenjum aðildarríkjanna og alþjóðlegum samningum um hugverkarétt er það framsetning hugmyndanna og grundvallarforsendanna sem ber að vernda með einkarétti til hugverka.

Í þessari tilskipun er notað orðið „leiga“ þegar veittur er afnotaréttur af forriti eða afriti af því í hagnaðarskyni til tiltekins tíma. Þetta tekur ekki til útleigu til almennings og verður hún þannig áfram utan gildissviðs tilskipunar þessarar.

Þörf er á því að réttur höfunda tölvuforríta til að koma í veg fyrir afritun verka sinna sé takmarkaður svo að unnt sé heimila þeim sem aflar sér forrís með löglegum hætti afritun sem af tæknilegum ástæðum er nauðsynleg svo að nota megi forritið.

Af þessu leiðir að óheimilt er að banna samkvæmt samningi afritun og keyrslu forrís, sem aflað hefur verið með löglegum hætti eins og nauðsynlegt er til að nota forritið, svo og leiðréttingar á því. Sé ekki kveðið á um annað í samningi, þar með talið þegar afrit af forritinu er selt, er þeim sem aflar sér forrísins með löglegum hætti heimilt í þessum tilgangi að framkvæma allar aðgerðir sem nauðsynlegar teljast svo að nota megi forritið.

Ekki er rétt að banna þeim sem hefur rétt til að nota tölvuforrit þær aðgerðir sem nauðsynlegar teljast til að skoða, kynna sér eða kanna hvernig forritið virkar, að því tilskildu að þessar aðgerðir fari ekki í bága við hugverkaréttinn.

Óheimil afritun, þýðing, aðlögun eða breyting á framsetningu afrits af tölvuforriti í því formi sem aðrir hafa aðgang að telst brot á einkarétti höfundarins.

Hins vegar geta komið upp aðstæður sem krefjast þess að forrit verði afrituð og þýdd á annað form í skilningi a- og b-liðar 4. gr. til að fá þær upplýsingar sem þörf er á fyrir rekstrarsamhæfni utanaðkomandi forrís með öðrum forritum.

Af þessum sökum er nauðsynlegt, við þessar sérstöku aðstæður eingöngu, að álíta að þeim sem hefur rétt til að nota afrit af tölvuforriti sé heimilt samkvæmt lögum og góðum viðskiptavenjum að afrita eða þýða forrit án þess að fá samþykki rétthafa.

Tilgangur þessarar undanþágu er að gera mönnum kleift að tengja alla íhluti tölvukerfis, þar með talið íhluti frá ólíkum framleiðendum, svo að unnt verði að nota þá saman.

Óheimilt er að beita þessari undanþágu þannig að hún skaði löglega hagsmuni rétthafans eða stríði gegn eðlilegri hagnýtingu forrísins.

Svo að ákvæðum Bernarsáttmálans um vernd bókmennta- og listaverka sé fylgt er nauðsynlegt að veita höfundi vernd á meðan hann er á lífi, að viðbættum fimmtíu árum frá 1. janúar árið eftir andlát hans, eða, sé um að ræða verk óþekkts höfundar eða verk skrifað undir höfundarnafni, í fimmtíu ár frá því að það er fyrst gefið út.

Vernd tölvuforríta samkvæmt lögum um hugverkarétt skal ekki koma í veg fyrir annars konar vernd þegar við á. Samningsákvæði sem stríða gegn 6. gr. eða þeim undanþágum sem kveðið er á um í 2. og 3. mgr. 5. gr. hafa þó ekkert gildi.

Ákvæði þessarar tilskipunar eru með fyrirvara um beitingu samkeppnisreglna samkvæmt 85. og 86. gr. áttmálans ef birgir með yfirburðastöðu á markaðinum neitar að láta uppi upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna rekstrarsamhæfni eins og hún er skilgreind í þessari tilskipun.

Ákvæði tilskipunar þessarar gilda með fyrirvara um sérstök skilyrði í áður samþykktum lögum bandalagsins varðandi birtingu upplýsinga um viðmót á fjarskiptasviði eða ákvarðanir ráðsins um stöðlun á sviði upplýsingatækni og fjarskipta.

Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á undanþágur sem kveðið er á um í landslögum í samræmi við Bernarsáttmálann og snerta atriði sem ekki er fjallað um í þessari tilskipun.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Verk sem njóta verndar

1. Aðildarríkjum ber að veita tölvuforritum vernd í samræmi við ákvæði tilskipunar þessarar eins og um bókmenntaverk í skilningi Bernarsáttmálans um vernd bókmennta- og listaverka væri að ræða. Í þessari tilskipun tekur heitið „tölvuforrit“ líka til undirbúnings- og hönnunarvinnu við gerð tölvuforríta.

2. Vernd sem veitt er samkvæmt þessari tilskipun tekur til tölvuforríts í hvers kyns framsetningu þess. Hugmyndir og grundvallarforsendur sem liggja að baki einstökum þáttum í forritinu, þar með talið þær sem viðmót þess byggjast á, njóta ekki verndar sem hugverk samkvæmt þessari tilskipun.

3. Tölvuforrit sem er frumhugverk höfundarins skal njóta verndar. Óheimilt er að setja önnur skilyrði fyrir vernd þess.

2. gr.

Höfundarréttur til tölvuforríta

1. Einstaklingur eða hópur einstaklinga sem hefur hannað tölvuforrit eða, sé það heimilt samkvæmt lögum aðildarríkis, lögpersóna sem tilnefnd hefur verið rétthafi þess, telst höfundur tölvuforríts. Viðurkenni lög aðildarríkis samstarfsverkefni af þessu tagi telst sá einstaklingur sem álitíð er að hafi hannað forritið samkvæmt lögum vera höfundur þess.

2. Þegar um er að ræða tölvuforrit sem nokkrir einstaklingar hafa hannað í sameiningu skulu þeir halda einkaréttinum sameiginlega.

3. Þegar starfsmaður fyrirtækis hefur hannað tölvuforrit í starfi sínu eða samkvæmt fyrirmælum vinnuveitandans, hefur vinnuveitandinn einn og sér einkarétt til forrítisins sem hannað var með þessu móti, nema samningur kveði á um annað.

3. gr.

Rétthafar sem njóta verndar

Veita ber öllum einstaklingum eða lögpersónum, sem rétt eiga á, vernd samkvæmt landslögum um höfundarrétt fyrir bókmenntaverk.

4. gr.

Aðgerðir sem takmarkaðar eru

Með fyrirvara um ákvæði 5. og 6. gr. hefur einkaréttthafi í skilningi 2. gr. rétt til að gera eða heimila eftirfarandi:

- a) að tölvuforrit sé afritað, til bráðabirgða eða til fram-búðar, með hvaða móti sem er og í hverju formi sem er, í heild eða að hluta. Ef afritun er þörf til að hlaða inn, kalla fram, keyra, flytja eða vista forritið er hún einungis heimil með leyfi rétthafa;
- b) þýðingu, aðlögun, uppröðun, eða aðra breytingu á tölvuforriti og afritun á afrakstri þessarar vinnu, án þess að það brjóti í bága við réttindi þess sem breytir forritinu;
- c) alls konar dreifingu upprunalegs forrítis eða afrita þess til almennings, þar með talið leiga. Þegar rétthafinn, eða einhver í hans nafni, setur fyrsta eintak af forritinu í sölu í bandalaginu tæmist rétturinn til einkadreifingar innan bandalagsins, að frátöldum rétti til að ráða frekari leigu á forritinu eða afritun af því.

5. gr.

Undanþágur frá takmörkun aðgerða

1. Kveði samningur ekki sérstaklega á um annað er óþarft að sækja um leyfi rétthafans fyrir þeim aðgerðum sem um getur í a- og b-lið 4. gr. séu þær nauðsynlegar þeim sem aflar sér forrítis með löglegum hætti til notkunar tölvuforrítisins eins og til er ætlast, þar með talið til að gera leiðréttingar.

2. Óheimilt er að banna með samningi öryggisafritun af forriti þeim sem hefur rétt til að nota það og að því marki sem það er nauðsynlegt fyrir notkun forrítisins.

3. Einstaklingur sem hefur rétt til að nota afrit af forriti hefur líka rétt, án heimildar réttthafa, til að skoða, kynna sér eða kanna hvernig forrit virkar til að komast að þeim hugmyndum og grundvallarforsendum sem liggja þar að baki ef það er gert á meðan hann er að hlaða inn, kalla fram, keyra, flytja eða vista forritið með löglegum hætti.

6. gr.

Aðlögun forrita

1. Óþarft er að fá leyfi réttthafans þegar afritun forrits og þýðing þess í skilningi a- og b-liðar 4. gr. er óhjákvæmileg til að fá þær upplýsingar sem þörf er á fyrir rekstrarsamhæfni utanaðkomandi forrits með öðrum forritum, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- a) að það sé gert af framsalshafa eða öðrum einstaklingi sem hefur rétt til að nota afrit af forriti eða fyrir þeirra hönd af einstaklingi í umboði þeirra;
- b) að þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir rekstrarsamhæfni hafi ekki verið látnar þeim einstaklingum sem um getur í a-lið í tó;
- c) að aðgerðirnar takmarkist við þá hluta upprunalega forritsins sem nauðsynlegir eru fyrir rekstrarsamhæfni.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki vera til þess að upplýsingar sem þannig eru fengnar:

- a) verði notaðar í öðrum tilgangi en til að ná rekstrarsamhæfni hins utanaðkomandi forrits;
- b) verði látnar öðrum í tó, nema þegar slíkt er nauðsynlegt fyrir rekstrarsamhæfni utanaðkomandi forrits;
- c) verði notaðar við þróun, framleiðslu eða markaðssetningu annars tölvuforrits sem er að verulegu leyti líkt í framsetningu og formi, eða á hvern þann hátt sem kann að brjóta í bága við höfundarrétt.

3. Í samræmi við ákvæði Bernarsáttmálans um vernd bókmennta- og listaverka er óheimilt að túlka ákvæði þessarar greinar á þann hátt að beiting þeirra skaði réttmæta hagsmuni réttthafans eða stríði gegn eðlilegri hagnýtingu forritsins.

7. gr.

Sérstakar verndarráðstafanir

1. Með fyrirvara um ákvæði 4., 5. og 6. gr. ber aðildarríkjunum að kveða í landslögum sínum á um viðeigandi

úræði gagnvart þeim sem sekur eru um athæfi er um getur í a-, b- og c-lið hér á eftir:

- a) setja í umferð afrit af tölvuforriti en vita, eða hafa ástæðu til að ætla, að afritið sé ólöglegt;
- b) hafa í fórum sínum og hyggjast nota í hagnaðarskyni afrit af tölvuforriti en vita, eða hafa ástæðu til að ætla, að afritið sé ólöglegt;
- c) setja í umferð eða hafa í fórum sínum og hyggjast nota í hagnaðarskyni hvaða búnað sem er, sem einungis miðar að því að auðvelt verði að sneiða hjá eða fjarlægja með ólöglegum hætti tæknibúnað sem notaður hefur verið til að vernda tölvuforrit.

2. Heimilt er að gera upptækt ólöglegt afrit af tölvuforriti í samræmi við lög í viðkomandi aðildarríki.

3. Aðildarríkjunum er heimilt að setja ákvæði sem heimila að búnaður, eins og um getur í c-lið 1. mgr., verði gerður upptækur.

8. gr.

Gildistími verndar

1. Veita ber vernd svo lengi sem höfundur forritsins lifir og þar að auki í fimmtíu ár frá dauða hans eða dauða síðasta eftirlifandi höfundar verksins; sé um að ræða nafnlaust verk eða verk sem er skrifað undir höfundarnafni, eða hafi lögpersóna verið tilnefnd sem réttthafi í samræmi við 1. mgr. 2. gr., skal gildistími verndarinnar vera fimmtíu ár frá þeim tíma er tölvuforriti var fyrst komið á framfæri opinberlega. Vernd hefst 1. janúar á næsta ári eftir að ofangreind atvik hafa átt sér stað.

2. Kveði lög aðildarríkis á um lengri gildistíma en þann sem um getur í 1. mgr. er heimilt að viðhalda honum þangað til frekari samræming almennra laga um vernd hugverka í bandalaginu fer fram.

9. gr.

Önnur ákvæði sem gilda áfram

1. Ákvæði tilskipunar þessarar eru með fyrirvara um önnur lagaákvæði t.d. um einkaleyfi, vörumerki, óréttmæta viðskiptahætti, viðskiptaleyndarmál, vernd hálfleiðaravara eða samningalaga. Hvers kyns ákvæði í samningum sem brjóta í bága við 6. gr. eða þær undantekningar sem kveðið er á um í 2. og 3. mgr. 5. gr. eru ógild.

2. Auk þess ná ákvæði tilskipunar þessarar til forrita sem hönnuð voru fyrir 1. janúar 1993, samanber þó gerðir sem samþykktar voru og réttindi sem tilkomin voru fyrir þann tíma.

10. gr.

Lokaákvæði

1. Aðildarríkin skulu koma í framkvæmd þeim lögum og stjórnarsýslufyrirmælum sem nauðsynleg eru til að fara að ákvæðum tilskipunar þessarar fyrir 1. janúar 1993.

Þegar þessi ákvæði eru samþykkt eða birt opinberlega ber að láta tilvísun í þessa tilskipun fylgja þeim. Aðildarríkin skulu kveða á um hvernig slíkri tilvísun skuli hagað.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um mál-efni sem þessi tilskipun nær til.

11. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 14. maí 1991.

Fyrir hönd ráðsins,

J. F. POOS

forseti.